

LÖG

**um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð
í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (23. gr. a.)

Heimilt er stjórnvöldum að semja um að yfirvald í erlendu ríki megi senda einstaklingi hér á landi í pósti tilkynningu eða málsskjöl vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Nú er ástæða til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjal erritað á og skal þá þýða skjalið eða meginnefni þess á íslensku eða annað tungumál sem erlendu yfirvaldi er kunnugt um að viðtakandi skilur.

Með tilkynningum eða málsskjölum skulu fylgja upplýsingar um að móttakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur er leiðir af skjalinu hjá yfirvaldinu sem gaf það út eða öðrum yfirvöldum í viðkomandi ríki. Um slíkar leiðbeiningar gilda ákvæði 2. mgr.

b. (23. gr. b.)

Nú tekur erlendur opinber starfsmaður þátt í rannsókn eða meðferð opinbers málss hér á landi og gilda þá um hann ákvæði XII. og XIV. kafla almennra hegningarlaga eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.